

## Fyrirspurn

til innanríkisráðherra um samkomulag þjóðkirkjunnar og ríkisins  
um kirkjujarðir og launagreiðslur.

Frá Birgittu Jónsdóttur.

1. Er endurskoðun hafin eða á döfinni af hálfu ríkisins á samkomulagi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997, en í samkomulaginu er kveðið á um að aðilar geti óskað eftir endurskoðun þess að liðnum 15 árum?
2. Ef slík endurskoðun er hafin eða er á döfinni, hverjar eru áherslur ríkisins við slíka endurskoðun í ljósi þess að hlutfall landsmanna sem tilheyrir þjóðkirkjunni hefur lækkað verulega á þessum tíma og hlutfall landsmanna í öðrum trúfélögum, veraldlegum lífskoðunarfélögum eða utan trúfélaga hefur hækkað verulega?
3. Ef slík endurskoðun er ekki hafin og er ekki á döfinni, er það þá mat ráðherra að ekki sé tilefni til slíkrar endurskoðunar?
4. Hvers vegna varð fyrir valinu sú leið að greiða fyrir jarðakaupin samkvæmt fyrrgreindu samkomulagi með launum til embættismanna þjóðkirkjunnar til frambúðar í stað eingreiðslu eða fastra greiðslna yfir tiltekið og endanlegt tímabil?
5. Athugaði ráðuneytið hvert fasteignamat jarðanna var hjá fasteignaskrá fyrir undirritun fyrrgreinds samkomulags, eins og gert var ráð fyrir í 15. gr. laga nr. 94/1976? Ef svo var, af hverju var Alþingi ekki látið vita af þeirri athugun og niðurstöðu hennar við meðferð þess á lögfestingu samkomulagsins? Ef athugun fór ekki fram, hvaða ástæður lágu fyrir því athafnaleyssi?
6. Telur ráðherra eðlilegt að telja eignir, sem söfnuðust fyrir hjá kirkjum landsins á meðan ekki ríkti trúfrelsi á Íslandi samkvæmt stjórnarskrá, einkamál eins starfandi trúfélags í landinu?
7. Kæmi til greina að ríkið ætti fasteignaviðskipti við aðra lögaðila á sambærilegum forsendum og fram koma í fyrrgreindu samkomulagi ríkisins og þjóðkirkjunnar?

**Skriflegt svar óskast.**

